

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Hvolsvallar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 31. ágúst 1984 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Hvolsvallar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Hvolhrepps og Skipulagsstjórn ríkisins.

Jafnframt er úr gildi felldur skipulagsuppdráttur af Hvolsvelli, sem staðfestur var af ráðuneytinu 9. maí 1949.

*Félagsmálaráðuneytið, 6. september 1984.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

Jón Sigurpálsson.

Nr. 419

25. september 1984

## SAMÞYKKT

### um forkaupsrétt Rangárvallahrepps í Rangárvallasýslu að lóðum og öðrum fasteignum innan hreppsins.

Samkvæmt heimild í 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 sbr. lög nr. 22/1932 hefur hreppsnefnd Rangárvallahrepps samþykkt að áskilja Rangárvallahreppi forkaupsrétt að lóðum og öðrum fasteignum innan hreppsins.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 25. september 1984.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 420

19. september 1984

## SAMÞYKKT

### um forkaupsrétt Þingeyrarhrepps í Vestur-Ísafjarðarsýslu að lóðum, jörðum og fasteignum innan hreppsins.

Samkvæmt heimild í 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 sbr. lög nr. 22/1932 hefur hreppsnefnd Þingeyrarhrepps samþykkt að áskilja Þingeyrarhreppi forkaupsrétt að öllum lóðum, jörðum og fasteignum innan hreppsins vegna gerðar aðal deiliskipulags fyrir Þingeyrarkauptún.